

AUGLÝSING

167

12. sept.

um að verðlagsákvæði nái til kornvara, brauða, nýlenduvara, citrona, hreinlætisvara, kola, brennsluolía og benzíns.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 70 31. des. 1937, um verðlag á vörum, hefir ríkisstjórnin ákveðið, að verðlagsnefnd skuli ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu á kornvörum, brauðum, nýlenduörum, citronum, hreinlætisvörum, kolum, brennsluolíum og benzíni, eftir því sem nefndinni þykir ástæða til.

Viðskiptamálaráðuneytið, 12. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

168

12. sept.

um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

Engar íslenzkar afurðir er heimilt að bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi útflutningsnefndar.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar útflutningsnefnd, er hafi á hendi eftirlit með sölu og útflutningi á öllum íslenzkum afurðum samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Leyfi ríkisstjórnarinnar þarf til útflutnings á öllum öðrum vörum en íslenzkum afurðum samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða $\frac{1}{2}\%$ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr. fyrir hvert einstakt leyfi, og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100.000 kr. eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum, dags. í dag, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 12. september 1939.

Ólafur Thors. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Hermann Jónasson.